

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

#### 1. Skoðunargjald loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 0,30 fyrir hvert kg en lágmarksgjald er kr. 300,00.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 1 600,00 að viðbættum kr. 0,06 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanns ríkisins.

#### 2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	skrifleg próf	verkleg próf
Einkaflugmaður .....	kr. 150,00	kr. 150,00
Atvinnuflugmaður I og II .....	200,00	150,00
Atvinnuflugmaður III, fyrir hverja námsgrein .....	50,00	150,00
Blindflugsréttindi .....	200,00	150,00
Flugkennararéttindi .....	200,00	150,00
Flugumsjónarmaður .....	200,00	

- 2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 70,00.

#### 3. Almenn ákvæði.

- 3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 31 21. maí 1961, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 307 2. júlí 1981 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 22. desember 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

### um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til eftirfarandi skipaflokka:

1. Skuttogara, þ. e. togskipa, sem taka trollið inn um skutrennu og eru með aflvél 900 hestafla eða stærri.
2. Síðutogara, sem eru lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.
3. Loðnuskipa, sbr. reglugerð nr. 309 30. júní 1981, ásamt síðari breytingum.